

# GRÆNU SKREFIN

## 1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ/UMFANG

Menntaskólinn að Laugarvatni hefur verið skuldbundinn til að framfylgja Grænum skrefum í ríkisrekstri og stuðla þannig að varðveislu jarðarinnar og auðlindum hennar. [70/2012: Lög um loftslagsmál | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

## 2 ÁBYRGÐARADILAR

Umsjón með Grænu skrefunum í Menntaskólanum að Laugarvatni er á ábyrgð skólameistara, húsbónda, bryta og Verkefnastjóra Grænna skrefa í ML.

Skólameistari ber ábyrgð á að tryggja að unnið sé eftir Grænu skrefunum og öllum lagalegum kröfum Skólameistari ber ábyrgð á því að stefna og markmið séu innleidd og í samræmi við hlutverk og stefnu. sé fylgt. Skólameistari ber ábyrgð á að tryggja nægan mannauð og tíma í umhverfisstjórnunarkerfið.

Húsbóndi hefur yfirumsjón með vöktun á rafmagnsnotkun í byggingum ML og svo með sorpmálum skólans.

Bryti mötuneytis ML ber ábyrgð á framfylgd umhverfissvænna starfshátt í starfsemi mötuneytisins og ekki síður ber hann ábyrgð á að tryggja að innkaup hráefnis séu eins vistvæn og frekast verður kostur.

Verkefnastjóri Grænna skrefa ML ber ábyrgð á dagsdaglegum verkefnum s. s. að minna á þau sameiginlegu verkefni sem skólasamfélagið sinnir í umhverfismálum hverju sinni. Vinnur eftir verklagsreglu um árlega verkefni.

## 3 LÝSING/REGLUR

### 3a - Fræðsla

Verkefnastjóri Grænna skrefa í ML sér um fræðslu til handa starfsfólks um verkefnið. Eins sér verkefnastjóri um að vekja athygli starfsfólks og nemenda á mikilvægi umhverfismála og minnir á hvaða verkefni skólinn hyggst leggja áherslu á hverju sinni. Skólameistari er verkefnastjóranum innan handar hvað varðar fræðsluverkefni.

### 3b - Stefnumótun og fundir

Umhverfis- og loftlagsstefna ML skal yfirfarin og skoðuð ár hvert og markmið endurskoðuð og endurmetin um leið. Ár hvert er rituð skýrsla þar sem farið er yfir skólaárið sem á undan er liðið, meta hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara og setja markmið næsta skólaárs í takti við það.

Æskilegt er að unnið sé að 1-2 markmiðum í einu og að tilgreindar séu skýrar, mælanlegar aðferðir við að vinna að því markmiði. Hlutverk Verkefnastjóra Grænna skrefa í ML er að skilgreina og skýra hvaða hlutverki starfsfólk og nemendur eiga í vinnu að markmiðum þessum og hvetja til dáða.

### 3c - Upplýsingagjöf

# VERKLAGSREGLA

FLOKKUR: [FERLI]

ÁBYRGÐARAÐILI: [ÁBYRGÐARAÐILI]



ÚTGEFIÐ: 1.3.2023

Samhliða því að sinna fræðslu og vitundarvakningu innan veggja ML bera Verkefnastjóri Grænna skrefa í ML og skólameistari ábyrgð á því að kynna umhverfisstarfið út á við. Skal það gert með umfjöllun um málaflokkinn í ársskýrslu ML, með fréttum á heimasíðu ML og öðru því er þurfa þykir.